

**2. fundur háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands var haldinn  
mánudaginn 26. júlí 2004 kl. 10.00 í fundarsal  
landbúnaðarráðuneytisins.**

Allir háskólaráðsmenn voru mættir nema Jón Torfi Jónasson. Í hans stað mætti Rögnvaldur Ólafsson.

Þetta var gert:

1. Fundargjörð síðasta fundar lögð fram og samþykkt án athugasemda.
2. Farið yfir umsóknir um stöðu rektors með tilliti til hæfni sbr. ákvæði 25. gr. laga um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999. Afgreiðslu frestað til næsta fundar. Formanni falið að afla frekari upplýsinga varðandi prófgráður þriggja umsækjenda.
3. Rætt um almenna leiðsögn um æskilegan bakgrunn, reynslu og menntun nýs rektors. Tekin saman drög að slíkri almennri leiðsögn. Frekari vinnslu frestað til næsta fundar.
4. Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 5. ágúst kl. 11.00 í fundarsal landbúnaðarráðuneytisins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.